



## Grand Prix mót Borðtennisdeildar KR og Keldunnar 22. janúar 2017

Borðtennisdeild KR heldur Grand Prix mót sunnudaginn 22. janúar 2017 í Íþróttahúsi Hagaskóla við Neshaga 3 (miðinngangur). Keppni hefst kl. 12.00.

### Keppnisflokkar:

kl. 12:00 Opinn flokkur karla

kl. 13:30 Opinn flokkur kvenna

### Fyrirkomulag keppni

Leikið er með einföldum útslætti og þarf fjórar unnar lotur til að vinna leik. Leikið verður í B-keppni fyrir þá sem tapa fyrsta leik. Raðað verður í töflu samkvæmt keppnisreglum eftir nýjasta styrkleikalista BTÍ. Leikið verður á Stiga expert borðum með hvítum 3ja stjörnu plastkúlum. Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags.

Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í hvorum flokki en í B-keppni eru aðeins veitt verðlaun fyrir sigur.

Þátttökugjald: 1.500 krónur ef greitt er á keppnisstað. Ef þátttökugjald er greitt við skráningu eða í síðasta lagi 19. janúar kl. 18 er veittur afsláttur og er þátttökugjaldið þá 1.000 krónur. Gjaldið greiðist inn á bankareikning Borðtennisdeildar KR og skal skrifað í athugasemd fyrir hvaða leikmann er verið að greiða en einnig senda tölvupóst með nafni og kennitölu þátttakanda sem greitt er fyrir á netfangið [bordtennisdeildKR@gmail.com](mailto:bordtennisdeildKR@gmail.com). Bankareikningur: 0137-26-008312, kennitala 661191-1129.

Skráning fer fram á vef Tournament Software

(<http://www.tournamentsoftware.com/sport/tournament.aspx?id=11BA81F9-97E5-427E-BE01-484BAEE86198>) til kl. 20 fimmtudaginn 19. janúar 2017. Setja skal kennitölu sem „Member ID“. Ef ekki gengur að skrá sig á vef Tournament Software má senda skráningu til mótstjórnar fyrir kl. 20 fimmtudaginn 19. janúar. Á vef BTÍ ([www.bordtennis.is](http://www.bordtennis.is)) eru leiðbeiningar um stofnun reiknings og skráningu á Tournament Software. Þeir, sem hafa áður stofnað reikning til að skrá sig á mót geta notað hann aftur.

### **Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ!**

Dregið verður í Íþróttahúsi Hagaskóla föstudaginn 20. janúar klukkan 17:30. Eftir að dregið hefur verið í mótið verður ekki bætt við keppendum, nema að um sannanleg mistök mótstjórnar sé að ræða. Drátturinn verður birtur á vef Tournament Software.

Mótstjórn:

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, [astaurb@gmail.com](mailto:astaurb@gmail.com)

Aldís Rún Lárusdóttir, gsm. 665 6330, [aldisrun@gmail.com](mailto:aldisrun@gmail.com)

Magnús Stefánsson, gsm. 865 3884, [magnus.stefansson@gmail.com](mailto:magnus.stefansson@gmail.com)

Yfirdómari: Hannes Guðrúnarson.

Fyrir hönd Borðtennisdeildar KR

Ásta M. Urbancic